

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

frétt næmt
vikublað

9. tbl. - 11. árg. - 2012 - Föstudagur 2. mars

Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARÐABYGGÐ fjardabyggd.is

SVN
Síldarvinnslan hf
www.svn.is

**Ný og betri afgreiðsla
á Reyðarfirði**

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 · 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

**Landflutningar
SAMSKIP**



Skógrækt ört vaxandi atvinnugrein á Austurlandi

Umhirða ungskóga - samstarfsverkefni Vinnumálastofnunnar, Héraðs- og Austurlandsskóga og þekkingarnets Austurlands.

200 manns munu vinna með beinum hætti við skógrækt í náinni framtíð.

Umfjöllun á bls. 12

Meðal efnis:

Slysið í Oddsskarði hefur engin áhrif á upphafstíma gangaframkvæmda **bls. 2** • Forsætisráðherra fundaði með landshlutasamtökum **bls. 2** • Sádí – Arabar í þjálfun á Austurlandi **bls. 8** • Gengið á eftir lögheimilisráningu **bls. 14** • Hafa áhyggjur af áhrifum eldsneytisverðs **bls. 14**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ISLANDSNAUT FERSK UNGNAUTA-
1998 KR. KG

ISLANDSLAMB ÚRB. LAMBALÆRI
1998 KR. KG

ISLANDSGRÍS FERSK GRISALUND
1498 KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJUKLINGALUNDIR
1995 KR. KG

Framkvæmdum Norðfjarðar-ganga verður ekki flýtt

Rúta á leið í álver ALCOA með átta starfsmönnum fór út af veginum í Oddsskarði í síðustu viku. Mikil mildi þýkir að farþegar hafi sloppið með minniháttar meiðsl.

Mikil viðbúnaður var eftir að í ljós kom að rútan hafði oltið við mjög slæmar aðstæður. Björgunarsveitirnar Brimrún á Eskifirði og Gerpír í Neskaupstað voru kallaðar út í mikið hvasaviðri og fljúgandi hállu. Einn farþegi var fluttur til öryggis á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað en aðrir á heilsugæslustöðina á Eskifirði, engin reyndist þó alvarlega meiddur.

Haft var eftir Jónasi Wilhelmssyni, yfirlöglegluþjóni á Eskifirði, á mbl.is að rútan hafi oltið í að minnsta kosti þrjá hringi. Hann þakkaði því að ekki hafi farið verr að rútan hafi verið vel búin og allir í beltum. Rútan fór út af í Sandskeiði, um kílómeter fyrir ofan Eskifjörð.

Vegakaflinn frá Norðfirði til Stöðvarfjarðar um Oddsskarð var í nýlegri úttekt sem var til umfjöllunar í síðasta töl. Austurgluggans metinn hættulegasti vegkafla á Íslandi.

Áætlunin heldur

„Samkvæmt þeirri áætlun sem ég hef lagt fram er gert ráð fyrir að þessari framkvæmdir við Norðfjarðargöng árið 2015 sem þýðir að við færum í útbót á árinu 2014 og að framkvæmdum yrði lokið árið 2018. Þó er hugsanlegt að framkvæmdum lyki fyrr. Þetta eru þær áætlunir sem ég hef sett fram og stend við þær nema til komi umtalsvert meiri

ffjárveiting til jarðgangagerðar. En ég er ekki með neinar tillögur um slíkt,“ sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, spurður út í stöðu ganganna á samgönguáætlun í Morgunblaðinu, mánudaginn 27. febrúar.

Skiljanlegar kröfur

Í blaðinu er haft eftir Ögmundi að það væri mildi að enginn skyldi hafa slasast alvarlega. Það breytti þó ekki afstöðu hans. „Hitt er hörmulegt og auðvitað harma ég það að þarna hafi orðið slys. Um leið er gleðilegt að enginn skyldi slasast alvarlega. Auðvitað hljóta menn að horfa á samgöngur með hliðsjón af öryggi og það er mjög

skiljanlegt að þegar svona gerist að þá herði menn á sínum kröfum um úrbætur. Það breytir því ekki að við settum fram áður nefndar tillögur í samgönguáætlun og það er að óbreyttu ekki hægt að fara hraðar miðað við núverandi fjárhag. Ef menn vilja herða á hraðanum verða menn að vera tilbúnir að ráðast í skuldsetningu sem því nemur. Ég er ekki með tillögur um neitt slíkt,“ segir Ögmundur.

Óboðlegar samgöngur

Í umfjöllun Morgunblaðsins kveðst Páll Björgvin Guðmundsson ósáttur við svör ráðherra og vill sjá

framkvæmdir hefjast fyrr. „Vegurinn að Oddsskarðsgöngum er snarbrattur og hættulegur. Gangamunninn er í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli og það er 13% halli í mörgum beygjunum. Þau eru þröng og iðulega skapast erfðar aðstæður. Göngin voru opnuð árið 1977 og eru ekki byggð með þarfir nútímans í huga. Nú hálfum fjórða áratug síðar er varla forsvaranlegt að keyra upp í 600 metra hæð á svæði sem er svo þjóðfélagslega mikilvægt. Í núverandi samgönguáætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2015. Við viljum hins vegar flýta þessu um tvö ár. Allri hönnunarvinnu er lokið og það er ekkert annað að gera en að bjóða verkið út“ segir Páll.

Samstaða hyggst fram í Norðausturkjördæmi

Samstaða, flokkur lýðræðis og velferðar, hélt opinn fund laugardaginn 25. febrúar sl. í félagsmiðstöðinni Hlymsdölum, á Egilsstöðum. Samstaða er nýr flokkur stofnaður í upphafi þessa árs m.a. af þingkonunni Lilju Mósesdóttur sem gekk úr röðum Vinstri Grænna á síðasta ári. Flokkurinn hyggst bjóða fram á landsvísu í næstu þingkosningum.

Um 20 manns mættu á fundinn þar sem farið var yfir grundvallarstefnuskrá flokksins, heimasíðan kynnt og að lokum sköpuðust líflegar umræður um stefnumál flokksins og stjórnmálaviðhorfið. Lilja sagði við

upphaf fundarins að fyrirfram hefði hún talið að framboðið væri veikast á Austurlandi en fljótlega hafi komið í ljós að svo væri ekki. Hún segir að fjölmargir hafi haft samband við sig, einkum frá Eskifirði og kunni hún engar skýringar á því.

Hún útskýrði að flokkurinn hefði nýja nálgun á stjórnmálunum og væri ekki hægt að skilgreina hann á vinstri né hægri væng stjórnmálanna, og tók fram að hann væri ekkert „miðjumóð“ heldur.

Mikil umræða var á fundinum um stöðu heimilanna, kvótakerfið og þriðja stjórnsýslustigið.

Þriðja stjórnsýslustigið

Á fundinum kom fram að flokkurinn legði áherslu á að komið yrði á þriðja stjórnsýslustiginu með svæðisþingum þar sem fulltrúar yrðu kosnir sérstaklega á. Með svæðisþingum sem hefði sjálfsákvörðunarrétt í ýmsum málum t.a.m. samgöngumálum yrði valdreifing eflað og dregið yrði úr miðsstýringu. Þá yrði teljum að auðlindum og svæðisbundinni starfsemi látið renna í auknum mæli til samneyslu og uppbyggingar á viðkomandi svæði.

Forsætisráðherra fundaði með landshlutasamtökum um sóknaráætlanir

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, fundaði í síðustu viku með forsvarsmönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Alls sóttu um 40 manns fundinn sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu. Efni fundarins var sóknaráætlanir landshluta, en þær eru eitt verkefnanna innan Ísland 2020.

Vinna við verkefnið hófst í byrjun árs 2011. En markmiðið með sóknaráætlunum landshluta er að „stuðla að umbótum í úthlutun almannaþjárf, framförum í samskiptum stjórnsýslustiga og nýsköpun í opinberri stjórnsýslu. Leiðin að þessum markmiðum er að endurskipuleggja fjárframlög ríkissjóðs til landshluta og um leið að einfalda úthlutun þeirra. Jóhanna Sigurðardóttir sagði meðal annars í upphafi

fundarins að hún teldi afar mikilvægt að öll ráðuneytin kæmu fram sem einn aðili í þessari vinnu“ segir í fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins.

Þegar hefur 11 verkefnum verið hleypt af stokkunum. Flest eru þau til fjögurra ára og er framlag ríkissjóðs áætlað alls um 460 milljónir króna.

Jóhanna sagðist sjá fyrir tvo kosti. „Annars vegar að koma á fót sjóði sem úthluta mætti úr 1. janúar 2013, en þar yrðu sameinaðir fjármunir sem nú renna til sveitarfélaga í formi samninga um ýmis verkefni. Hins vegar að úthlutun úr sjóðnum hæfst ekki fyrr en 1. janúar 2014, en unnið yrði frekar úr fyrirbyggjandi verkefnum og tekið við nýjum frá landshlutunum fram að þeim tíma“ segir í tilkynningunni.

Margir fulltrúar landshlutasamtakanna lýstu ánægju sinni með nýbreytni í samskiptum ríkisins og landshlutanna og aukinni áherslu á lýðræðisleg og markviss vinnubrögð. „Ég fagna veru forsætisráðherra á fundinum. Það undirstrikar að ætlun stjórnvalda er að fylgja verkefninu eftir, taka upp ný vinnubrögð og auka lýðræði og valdreifingu,“ segir Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, en hann sat fundinn.

Valdimar O. Hermannsson, formaður SSA, tekur undir það að þessi ánægjutónn hafi verið að hálfu landshlutasamtakanna. Hann segir að SSA og önnur landshlutasamtök fagni hugmyndafræðinni, þ.e. um aukið samráð og þeim

boðskap að „efla sveitarstjórnarstigið“ og sérstaklega hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga, m.a. þegar kemur að verkefnaflutningi, frá ríki til sveitarstjórnarstigsins. „Við gagnrýndum um leið hvornig þetta hefur farið af stað, en það var með mjög óljósum hetti þar sem ráðuneytisfólkið talaði mikið um lærdómsferli og á það t.d. við um þau fjárfestingaverkefni sem landshlutunum var gert að velja og forgangsraða, um mitt síðasta ár, en skiludu sér illa inn í áætlanir ríkisins, sérstaklega fyrir Austurland. Þá kom fram hjá okkur, og m.a. Suðurlandi að við höfðum haft ýmsa fyrirvara á þessari vegferð 20/20 í upphafi, en við ákváðum að gefa verkefninu tækifæri til þess að sanna sig“ sagði Valdimar.

Fréttir frá Fjarðaáli



Stefnt á verðlaunasæti í Mottumars

Nú líður senn að Mottumars, hinu árlega árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins, en átakið hefst formlega fimmtudaginn 1. mars næstkomandi.

Alcoa Fjarðaál hafnaði í fjórða sæti fyrir-tækjakeppninnar í fyrra, en það var Arion banki sem sigraði, Byko hafnaði í öðru sæti og Landsvirkjun í þriðja sæti.

Eins og áður er átakið tvíþætt – árveknis- og fjáröflunarátak og verður söfnunarféð notað til að efla forvarnir og fræðslu, rannsóknir og

ráðgjöf. Einn af hverjum þremur karlmönnum fær krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni og eru allir hvattir til þess að kynna sér hvað hægt sé að gera til þess að koma í veg fyrir krabbamein eða greina það snemma.

Við viljum öll hafa okkar nánustu hjá okkur

Óðinn Ólafsson, vélvirkir í steypuskála hefur verið í forsvari skeggsöfnunar innan Fjarðaáls og hvatt karlpeninginn til dáða. Hann segir það ekki spurningu að við gerum enn betur í ár og stefnan er sett á verðlaunasæti. „Ég er byrjaður að safna. Við erum að gera þetta fyrir okkur karlmennina og fjölskyldur okkar. Árlega greinast á Íslandi að meðaltali 716 karlar með krabbamein og 250 lást. Þetta eru synir, bræður, pabbar, afar, vinir og makar.

Við getum öll haft áhrif, en rannsóknir hafa bent til þess að koma megi í veg fyrir þriðjung

krabbameins með fræðslu og forvörnum. Þitt framlag skiptir því svo sannarlega máli, en margt smátt gerir eitt stórt hvort sem það er að gefa pening eða safna fallegri mottu. Ég vil hvetja okkur öll til þess að standa okkur enn betur þetta árið því við viljum öll hafa okkar nánustu hjá okkur. Leggjumst öll á eitt og leggjum okkar af mörkum í þessa frábæru söfnun sem framundan er.“

Skráning þátttakenda í Mottumars hefst í lok febrúar. Keppendur skrá sig til leiks á vefsíðunni www.karlmennogkrabbamein.is. Þar er einnig safnað áheimum til styrktar Krabbameinsfélaginu. Sem fyrr verður hægt að taka þátt bæði sem einstaklingar og lið. Óðinn mun sjá um að stofa síðu fyrir Alcoa Fjarðaál og vill biðja mottuprýdda menn um að senda sér mynd af herlegheitunum gegnum netfangið odinn.olafsson@alcoa.com

Úrslitin ráðast að sjálfsögðu ekki fyrr en í lok mars en ekki er eftir neinu að biðja með skeggsöfnun og eru allir karlmenn fyrirtækisins hvattir til þess að byrja. Strax í dag. Koma svo strákar!





TÍÐINDAMIKILL MÁNUÐUR FRÁ

Febrúarmánuður er liðinn og óhætt að segja að það hafi verið tíðindamikill mánuður hér á Austurlandi. Í heildina litið má þó segja að mánuðurinn hafi verið jákvæður að flestu leyti. Loðnuvertíðin hefur gengið vel og er án efa stærsta hagsmunamál Austurlands þessa dagana, Fljótsdalshérað vann mikilvægan áfanga í málarekstri Þjóðskrár gegn Landsvirkjun hvað varðar fasteignamat vatnsréttinda og ætti að veita Fljótsdalshéraði heimild til að leggja fasteignagjöld á nýtingu vatnsréttinda. Þó á eftir að koma í ljós hvort Landsvirkjun kæri ekki úrskurð innanríkisráðuneytisins í því máli. Vestfirðingar bókðu stuðning við eitt af helstu baráttumálum Austfirðinga, Norðfjarðargöng. Útvarslið Fljótsdalshéraðs komst í undanúrslit keppinnar og keppir þar síðar í vetur, mörgum til mikillar skemmtunar og svona mætti lengi telja.

Upp hafa einnig komið mál sem valdið hafa deilum og úlfúð, þar helst að nefna skýrslu velferðarráðuneytisins um rekstur HSA – eða skýrsluna sem enginn vil kannast við né að hafa unnið með. Jújú, menn segja í dag að hana hafi átt að nota sem umræðugrundvöll – ég skil því ekki hvers vegna henni var aldrei dreift. En gott og vel, birting skýrslunnar hefur ekki bara valdið deilum. Hún hefur jú komið af stað umræðum um stöðu heilbrigðismála á Austurlandi og nægir að benda á grein Sigmundar Ernís hér í blaðinu og Stefáns Þorleifssonar. Birting skýrslunnar hefur einnig gert það að verkum skv. fundargerð bæjarráðs Fjarðabyggðar að haldin verður ráðstefna um heilbrigðismál á Austurlandi.

En svo eru mál sem sumir telja til jákvæðra fréttu á meðan aðrir fyllast vonleysi. Þar nægir að nefna fréttirnar um að Jóhanna Sigurðardóttir og Ólafur Ragnar Grímsson ætli að sitja í 100 ár.

Ég vona að þið njótið blaðsins sem er þétt þessa vikuna. Umfjöllun um heilbrigðismál, skógrækt, samgöngumál, forsetann, stjórnmál, byggðapróun, menningu og fleira kemur fyrir í blaðinu.


Lifið heil
Ragnar Sigurðsson

austur glugginn

Ert þú með fréttaskot
eða viltu koma viðburði
á framfæri?

Hringdu í fréttasíma
Austurgluggans 867-2151

Hjalli



Dregið var úr innsendum umsóknum um leyfi á breindýraveiðar í beinni útsendingu um síðustu helgi. Margir biðu í ofvæni eftir því hvort þeir fengju dýr og þá á hvaða svæði, hvort um væri að ræða tarf eða belju. Eflaust eru því margir að yfirfara búnaðinn sinn þessa dagana, aðrir þurfa að biða þangað til á næsta ári.



Vísnahornið

Í síðasta Austurglugga var ég með fyrripart um stjórnina. Viðbrögðin voru nokkuð góð og ég birti fyrst tvo botna sem Pétur Heimisson á Egilsstöðum sendi. Hann var að vísu með fleiri tillögur en ákvað að birta tvær þar sem mismunandi spádómar komu fram hjá honum:

Stjórnin vinstri stýrir enn
stefnir öllu í voða.
Bláa höndin birtist senn
bölvun með og hroða.

Sá seinni krefst þess að fyrriparturinn minn endi ekki á punkti heldur upphrópunarmerki og verður vísan þá:

Stjórnin vinstri stýrir enn
stefnir öllu í voða- !
Flotta, bjarta framtíð senn
fjarri hægri doða.

Hrólfur S. Gunnlaugsson sendi svo þennan hér:

Stjórnin vinstri stýrir enn
stefnir öllu í voða.
Væntanlega vorar senn
við sjáum morgunroða.

Mikið hefur verið rætt um forsetann okkar síðustu daga. Margir er ósáttir við hann og tala um leikþætti og annað í því samhengi. Telja að hann hafi tekið af allan vafa með áframhald á forsetastóli

Vinstri grænir, forseti og kaffihús

í nýársávarpi sínu. Oft er verið að safna hinum og þessum undirskriftum til að hafa áhrif á hitt eða þetta. Yfirleitt þykir eðlilegt að þær óskir séu íhugaðar vandlega en eitthvað virðast hlutirnir vera öðruvísi í þesu tifelli. Mér datt í hug:

Ýmsir biðja Óla Grís
aðeins lengur vera
Aðrir hrópa voðinn vís
væri nær að skera.

Einnig hefur mér þótt athyglisvert að fylgjast með kaffihúsabrástúmræðu síðustu daga. Ég hef svo sem ekki myndað mér neina skoðun á málinu en læt þetta vera mitt innlegg:

Á kaffihúsi kætist maður
kaffið bætir- það er ljóst.
Ekki síður yrði glaður
ef þar sæi konubrást.

Sveinn Gunnarson, frá Vík í Lóni sendi fyrripart sem ég ætla að biðja ykkur um að botna. Þetta á vel við núna þegar veturinn er á undanhaldi:

Senn er liðinn langur vetur
lífsins kalinn gróa skjól.

Læt þetta duga að sinni og minni á netföngin glumur2@centrum.is og frett@austurglugginn.is.
Vísnaðveðja, Glímur

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRDUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Guðmundur Y Hraunfjörð • 477 1571 & 891 6484 • auglysing@austurglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 - aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - kompan@vortex.is.

Útgáfandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

austur glugginn

Opinn fundur á Reyðarfirði í kvöld

Opinn fundur Landsbankans um fjárfestingu, nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins verður haldinn í safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju í kvöld 1. mars kl. 20.

Steinþór Pálsson bankastjóri kynnir stefnu og áherslur Landsbankans árið 2012. Einnig verður fjallað um þjónustu Landsbankans við nýsköpunarfyrirtæki. Fulltrúi Nýsköpunarsjóðs

atvinnulífsins flytur erindi um nýsköpun á Íslandi og frumkvöðull segir frá sinni reynslu af stofnun og rekstri metnaðarfulls fyrirtækis. Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í 410 4000.



Funduðu með Velferðarráðherra

Á fjölmennum fundi um heilbrigðismál á Fáskrúðsfirði sagði Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, að menn ættu að standa saman um það sem sveitarfélögin hefðu á Austurlandi og snúa saman bökkum í stað þess að klóra augun hvert úr öðru. Aðspurður um það hvort Fjarðabyggð sé komið í stríð við HSA og hvað átt sé við með því að upp sé kominn trúnaðarrestur eins og kom fram í bókun bæjarráðs í febrúar segir Jón að bæjarráðið hafi „ekki talið sig eiga í neinu stríði við HSA. Bæjarráðið hefur staðið þétt við bakið á stofnuninni síðustu ár eins og sást best þegar við í samvinnu við fyrirtækin í Fjarðabyggð létum vinna skýrslu á árinu 2010 til að verjast boðuðum



Jón Björn Hákonarson, oddviti Framsóknarflokksins, vill að menn þétti saman raðirnar og berjast sameiginlega fyrir því se fyrir er.

niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni hér á Austurlandi. Ég er þess fullviss að með þeirri vinnu fengum við snúið við þeirri vitleysu sem þá var boðuð. Á síðasta ári lögðum við okkur fram um að vera í sem mestum samskiptum við

stjórn HSA til að spyrna við fótum í niðurskurðartillögum sem þá dundu á og var ekki annað að heyra á stjórnarmönnum þá að þetta samstarf væri afar mikilvægt fyrir stofnunina og þeir mætu það mikils þversu umbugað Fjarðabyggð væri um heilbrigðisþjónustu innan síns sveitarfélags og á Austurlandsvísu enda er sjúkrahúsið ekki einkamál okkar heldur málefni allra austfirðinga að standa um það vörð.“

Hvað varðar trúnaðarrestinn segir Jón að „aldrei var okkur kunnugt um á þessum tíma að í vinnslu væri skýrsla sem fæli í sér einhverja grundvallarbreytingu á heilbrigðismálum hér eystra.“ Að hans mati fólst því trúnaðarresturinn í því að unnin var að framtíðarsýn án þess að

bæjarráðinu væri kunnugt um það. Hann segir að eftir að bæjarráðinu barst umrædd skýrsla frá ráðuneytinu fóru tveir bæjarfulltrúar á fund með ráðherra þar sem hann gerði þeim grein fyrir því að ekki væri unnið samkvæmt efni skýrslunnar að hálfu ráðuneytisins. Í kjölfarið fundaði bæjarráðið með Einari Rafni og Emil Sigurjónssyni, mannaudsstjóra HSA, þar sem farið var yfir uppkomna stöðu í samskiptum Fjarðabyggðar og HSA. Fram kemur í fundargerð bæjarráðs að Einar hafi verið ósáttur við að hann væri sakaður um trúnaðarrest.

Að endingu var lögð fram til laga af Einari Rafni um ráðstefnu á Austurlandi þar sem rædd væri stefna og framtíð í heilbrigðismálum fjórðungsins og fékk hún jákvæðar undirtektir.

Sáttatónn í deilunni

Jón Björn segist aðspurður um það hvort sættir hafi náðst á fundinum að fundurinn hafi verið mjög góður. Jón segir að á fundinum hafi verið farið yfir efni skýrslunnar í heild og að þar hafi ekki verið annað að heyra á Einari, líkt og ráðherra, að í henni séu tillögur sem ganga algerlega á skjön við þá stefnu sem þeir sjá í heilbrigðismálum á Austurlandi og eftir þeim verði ekki farið. Hann segir að aðilar hafi sammælt um að standa fyrir ráðstefnu hér um heilbrigðismál á Austurlandi eins og kemur fram í fundargerðinni. „Menn voru sammála um það eftir fundinn að halda áfram því samstarfi hér eins og verið hefur milli HSA og Fjarðabyggðar til að standa vörð um heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu og á Austurlandi“ sagði Jón að lokum.

Ósáttur við ásakanir um hrepparíg

Elvar Jónsson, oddviti Fjarðalistans, var ekki eins ánægður með bæjarráðsfundinn og Jón Björn. Hann segir ásakanir um að það ósætti sem upp var komið milli HSA og Fjarðabyggð hafi verið byggt á hrepparíg vera meginástæðuna fyrir því. „Ég sætti mig ekki við að mínar skoðanir séu bendlaðir við hrepparíg. Ég tel það ekki sæmandi forstjóra HSA að tala þannig í opinberri umræðu þó að hann kunni að hafa ákveðnar skoðanir á einstaka sveitastjórnarmönnum og málflutningi þeirra. Hrepparígur er að mínu mati mikil meinsemd þar sem hann grasserar og að því leiti er ég sammála forstjóranum. Þetta eru stór



Elvar er ósáttur við ásakanir forstjóra HSA

orð og þeim fylgir enginn rökstuðningur heldur virðast þau byggð á óljósum túlkunum og getgátum“ segir Elvar.

Hann segir það óþolandi að ekki sé hægt að tjá skoðanir sínar á einstaka málum án þess að þær séu tengdar við hrepparíg. „Það er útaf fyrir sig

hægt að snúa nánast öllum málum upp í hrepparíg ef menn vilja og það getur verið erfitt að afmá slíkt af sér. Hér þurfa menn því að tala varlega og misnota ekki svona neikvæð hugtök – eins og hrepparígur vissulega er. Menn verða bara að takast málefnalega á um blutina í stað þess að nota ódýrar leiðir eins og ásakanir um hrepparíg – þetta á við um alla og þar með talið forstjóra HSA.“ Að lokum benti hann á að forystumenn í stjórn málu hér eystra og forystufólk fyrir opinberum stofnunum ættu að ganga á undan með góðu fordæmi.

Hefði mátt komast hjá óþarfa óróa

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri HSA, átti fund með hreppsnefnd Vopnafjarðar, þann 16. febrúar síðastliðinn. Á fundinum var farið yfir umfjöllun Austurgluggans. Einar Rafn fór þar yfir efni og tilurð úttektaarinnar og sagði ekkert hafa breyst í viðræðum milli HSA og Vopnafjarðarhrepps hvað varðar starfsemi og rekstur Sundabúðar. Í fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps kemur fram að það sem kæmi fram í Austurglugganum hvað varðar Sundabúð sé „ekki í samræmi við viðræður, sem hafa verið í gangi milli Vopnafjarðarhrepps og Velferðarráðuneytisins svo vægt sé til orða tekið.“

Á fundinum dreifði Einar opnu bréfi sem hann sendi starfsfólki HSA þann 14. febrúar sl. Í því bréfi er gerð grein fyrir tilurð umræddrar



Einar Rafn á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðar

skýrslu og hvernig hún er hugsuð. Gerði hann síðan nánari grein fyrir málinu og svaraði spurningum sveitarstjórnarmanna. Eftir umræður vék framkvæmdastjóri HSA af fundi og var honum þökkun koman.

Í framhaldi var lögð fram svofelld ályktun:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fráþíður sér vinnubrögð af þessum toga, sem fram kemur í skýrslu HSA og Velferðarráðuneytis frá 12. des.

2011. Birting gagna sem unnin eru, affaglegum ráðgjöfum Velferðarráðuneytisins að ósk HSA, með þessum hætti veldur óþarfa óróa og óvissu hjá bæði vistmönnum og starfsfólki viðkomandi stofnana. Jafnframt er gert lítið úr þeirri samvinnu um úrlausn mála sem unnið hefur verið að, í góðri trú, í samvinnu Velferðarráðuneytis, HSA og Vopnafjarðarhrepps.

Eðlilegra hefði verið að kynna niðurstöður sérfræðingateymis ráðuneytisins fyrir þátttakendum strax þegar þær lágu fyrir. Með því móti hefði mátt komast fyrir stóran hluta af þeirri óvissu og óróa sem um málin ríkir við þessar aðstæður.“

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

GJÖFIN

FERMINGAR
FÆST HJÁ RB

RB-rúm eru í heims-
samtökunum ISPA,
sem eru gæðasamtök
fyrirtækja sem sérhæfa
sig í framleiðslu og
hönnun springdýna.



Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu í
rúmun og springdýnum.



VELJUM ÍSLENSKT

Opið alla virka daga frá 8 - 18
og á laugardögum frá 10 - 14



EFTIR ÞÍNU HÖFÐI
RB-rúmin og gaflar eru
sérsníðuð eftir þínum
óskum.

5.000 KR.
INNBOGUN FYLGIR
HVERJU FERMINGARRÚMI



ÚRVAL FYLGIHLUTA

Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett,
dýnuhlífar, náttborð og fleira.



RÚM

Stofnað 1943

Dalshraun 8

220 Hafnarfirði

RB-rúm

rum@rbrum.is

www.rbrum.is

Sími 555 0397

Starfsmenn álvers í Miðaustur- löndum þjálfaðir á Austurlandi

Alcoa og sádí-arabíska námufyrir-tækið Ma’aden byggja um þessar mundir eitt af stærri álverum heims í Sádí-Arabíu í Ras Al-Khair á austurströnd konungdæmisins. Þetta er í fyrsta sinn sem Alcoa tekur þátt í að reisa álver í Miðausturlöndum. Framleiðsla á að hefjast á næsta ári og af því tilefni er væntanlegur hingað austur nk. sunnudag þrjátíu manna hópur starfsnema frá Sádí-Arabíu, sem fá munu þjálfun hjá Fjarðaáli í nokkra mánuði undir handleiðslu reyndra starfsmanna álversins við Reyðarfjörð.

Þeir sem koma til Fjarðaáls hafa nú þegar lokið tólf mánaða löngu almennu námi í stóriðjufræðum í heimalandinu og var boðið að fara til Íslands í þjálfun. Í nemahópnum eru framkvæmdastjóri kerskála, framleiðslustjóri, framleiðsluverkfræðingur, leiðtogar, framleiðslustarfsmenn kerskála og iðnaðarmenn.

Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, segir mikla ánægju ríkja með þessa heimsókn enda felist í henni mikið traust og viðurkenning á því hve Fjarðaál standi framarlega í áliðnaðinum. „Við erum stolt yfir því að hafa verið valin til að veita þessa grunnþjálfun.“

Ólíkir menningarheimar

Nemarnir frá Sádí-Arabíu hafa litla eða enga reynslu af vestrænni menningu og við undirbúning verkefnisins er gert ráð fyrir ólíkum menningarheimum, til dæmis er varðar



Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls

afstöðu til trúmála, stéttaskiptingar, þátttöku kvenna á vinnumarkaði og fleira. Janne segir að hópurinn hafi nú þegar hlotið kynningu á íslenski

til að undirbúa komu hópsins. „Við munum ekki breyta menningu Fjarðaáls vegna þessa verkefnis, en það er mikilvægt að allir sameinist

Við munum ekki breyta menningu Fjarðaáls vegna þessa verkefnis, en það er mikilvægt að allir sameinist um að sýna fyllstu kurteisi til að dvöl gestanna verði í senn lærdómsrík og ánægjuleg. Á sama hátt munum við einnig læra á heimsókninni

menningu en það sé ekki síður mikilvægt að starfsmenn Fjarðaáls undirbúi sig vel. Þess vegna munu væntanlegir yfirmenn álversins í Ras Al-Khair koma á undan til landsins

um að sýna fyllstu kurteisi til að dvöl gestanna verði í senn lærdómsrík og ánægjuleg. Á sama hátt munum við einnig læra á heimsókninni,“ segir Janne.

Eitt af stærri álverum heims

Álverið í Sádí-Arabíu er hið fyrsta sem Alcoa tekur þátt í að reisa og reka í Miðausturlöndum og verksmiðjan verður ein sú tæknilega fullkomnasta í heiminum. Álverið er hluti af stærra verkefni sem samanstendur af Baxít námum, súrálsværksmiðju, álveri og völsunarverksmiðju. Álverið mun í fyrsta áfanga framleiða um 740.000 tonn af áli á ári og mun Alcoa sjá því fyrir súráli til að byrja með.

Mannfjöldi á Austur- landi stöðugur

Mannfjöldi á svæðinu frá Vopna-fjarðarhreppi til Djúpavogshrepps helst stöðugur á milli ára. Tæplega þrjátíu einstaklingar bætast við. Konum fjölgar en körlum fækkar.

24 umsóknir um stöðu framkvæmda- stjóra

Þann 26. febrúar sl. rann út umsóknarfrestur um stöðu framkvæmdastjóra nýrrar stoð- og þekkingarstofnunar á Austurlandi. Umsækjendur eru 24 og er stefnt að ráðningu frá og með 1. apríl nk.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar fyrir mannfjölda eftir sveitarfélögum miðað við 1. desember. Þann 1. desember síðastliðinn voru Austfirðingar 2018 en þeir voru 2190 ári fyrr. Konum fjölgar um 42 en körlum fækkar um tólf.

Mestar eru breytingarnar hlutfallslega í Breiðdalshreppi þar sem fækkar um 8%. Mest er fjölgunin í Djúpavogshreppi þar sem fjölgar um 3%. Mannfjöldi í Fljótisdalshreppi helst alveg óbreyttur.

gg/agl.is

Sveitarfélag	2010	2011	Breyting	%
Vopnafjarðarhreppur	670	675	+5	0,7%
Borgarfjarðarhreppur	140	131	-9	-6,9%
Seyðisfjarðarkaupstaður	669	676	+7	1%
Fjarðabyggð	4573	4601	+28	0,6%
Fljótisdalshérað	3406	3404	-2	0%
Fljótisdalshreppur	79	79	0	0%
Breiðdalshreppur	205	189	-16	-8,5%
Djúpavogshreppur	448	463	+15	3,2%
Alls	10190	10218	+28	0%

Mottumars

Mottumars, árlegt árvekni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélags Íslands hófst í gær. Árlega greinast að meðaltali um 700 karlmenn með krabbamein hér á landi og um 250 deyja af orsökum þess. Rannsóknir sýna að koma má í veg fyrir að minnsta kosti eitt krabbameinstilfelli af hverjum þremur.

Hugsunin á bak við Mottumars er að vekja fólk til umhugsunar um krabbamein í körlum, en í þessum mánuði keppast íslenskir karlmenn um að safna sem myndarlegastri mottu, yfirvaraskeggi, til þess að minna á málefnið. Jafnframt er um fjáröflunaráttak Krabbameinsfélagsins að ræða þar sem karlar safna áheitu um leið.

Bæði einstaklingar og lið geta skráð sig til þátttöku í mottusamkeppninni á áheita- og áskorenda-síðunni www.mottumars.is.

Launafl ehf. hefur opnað bifreiðaverkstæði



Launafl ehf. hefur opnað glæsilegt bifreiðaverkstæði að Austurvegi 20, Reyðarfirði.

Boðið er upp á almenna þjónustu fyrir bifreiðaeigendur og munu „Stjáni og Kalli“ Bóassynir veita skjóta og góða þjónustu.

Opnunartími:

Mánudagur - fimmtudags frá kl. 08:00 - 18:00
og föstudaga frá kl. 08:00 - 16:00.

Sími bifreiðaverkstæðis er 477-2600,

Netfang: bill@launafl.is



Launafl ehf. – www.launafl.is – sími 414-9400

Flugakademía Keilis KOMDU Í KYNNISFLUG



Á EGILSSTÖÐUM

Flugakademía Keilis verður með kynningu á flugnámi á Egilsstöðum, þriðjudaginn 6. mars. Boðið er upp á kynnisflug milli kl. 13:00 og 16:00 frá Egilsstaðaflugvelli (ef veður leyfir). Starfsfólk Keilis svarar spurningum á Háskóladeginum í Menntaskólanum á Egilsstöðum kl. 10:30 - 13:00.

keilir.net/flug
facebook.com/keilir



Keilir


Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



FJARÐABYGGÐ

1. tbl., 3. árg. 2012 · Myndir: Fjarðabyggð

Fréttabréf Fjarðabyggðar



Páskafjör verður fjörugt að vanda

Fjölskyldu- og menningarhátíðin Páskafjör verður haldin dagana 5. – 9. apríl. Búið er að semja við náttúróflin um að hafa veðrið frábært og skíðafærið æðislegt. Dagskráin hjá Dagfinni í Austfirsku ölpunum í Oddsskarði er tilbúin og verður með hefðbundnum hætti; Fjallið mun skarta alls konar brautum, þrautabraumum, stökkpöllum og hólum fyrir brettafólkið.

Á föstudaginn langa verður Píslaganga Ferðafélags Fjarðamanna á gönguskíðum ef aðstæður leyfa. Páskaeggjaleitin verður á laugardagsmorgninum á Mjóeyri og eftir hádegi verður farið í snjósleðaferð með leiðsögn um Hellisfjörð og Oddsdal og út á Gerpissvæðið. Tírola stemningin ræður ríkjum í Austfirsku ölpunum á laugardegnum og lýkur með glæsilegri flugeldasýningu kl. 23:00. Páskadagur hefst kl. 06:00 með hefðbundinni göngu Ferðafélags Fjarðamanna út í Páskahelli



en svo fara allir í sparifötunum á skíði og loks verður kjötsúpukveðjuhátíð í Oddsskarði á annan í páskum.

Í Neskaupstað verður tónlist og notaleg stemning í sundlauginni á laugardegnum; opið frá 11:00 til 19:00. Safnahúsið verður opið frá 17:00 til 19:00 og félagsmiðstöðin Atóm verður opin fyrir alla á sama tíma. Á páskadag verður sundlaugin á Eskifirði opin frá 13:00 til 19:00 og Sjóminjasafnið verður opið frá kl 17:00 til 19:00.

Páskadansleikur Matta Papa og Ingó Veðurguð verður í Egilsbúð eftir miðnætti á föstudaginn langa og ýmsir aðilar eru að skipuleggja spennandi uppákomur sem verða kynntir þegar nær dregur.

Okkur er ljúft að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að njóta lífsins um páskana, fara á skíði í Oddsskarði og njóta útivistar í góðum félagsskap á einu besta skíðasvæði landsins. Dagskrá Páskafjör verður á www.fjardabyggd.is og www.oddskarð.is og www.mjoeyri.is

Atvinnu- og menningarnefnd

Atvinnu- og menningarnefnd er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar og varaformann. Nefndin mótast stefnu í atvinnu-, menningar- og ferðamálum og tekur ákvarðanir innan markaðrar stefnu og fjárheimilda. Nefndin ber ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í atvinnuþróunarmálum, þ.m.t. við fyrirtæki í Fjarðabyggð og þá sem ábyrgð bera á atvinnuþróunarmálum af hálfu ríkis og landshlutasamtaka. Þá ber nefndin ábyrgð á safnastarfi bæjarfélagsins, söguritun og aðgerðum til að varðveita menningararf sveisarfélagsins og samskiptum við þá aðila sem vinna að menningarmálum. Nefndinni ber að styrkja stöðu Fjarðabyggðar sem áfangastaðar ferðalanga og vinna að undirbúningi viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verkswiði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður. Meðal verkefna sem unnið er að í málaflokki atvinnu-, menningar- og ferðamála á vegum sveitarfélagsins má nefna...

...samstarf við þróunar- og nýsköpunarstofnanir í atvinnumálum á Austurlandi og á landsvísi.

...undirbúning og ferli umsókna um styrki til atvinnuþróunarmála, þ.m.t. Evrópustyrki, norræna styrki og styrki frá Alþingi og stofnunum ríkisins.

...ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í atvinnulífi þ.m.t. í ferðaþjónustu.

...samstarf við samtök atvinnulífs og ferðaþjónustu í landshlutanum.



Óðinn Magnason, Þórunn Lilja Snorradóttir sem hefur sagt sig úr nefndinni, Gunnlaugur Sverrisson, starfsmaður nefndarinnar, Einar Birgir Kristjánsson, Esther Ösp Gunnarsdóttir og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir formaður. Á myndina vantar Sigrúnu Júlíu Geirsdóttur

...rekstur upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn.

...ábyrgð á samræmingu og samningum við forsmenn skipulagðra viðburða, Eistnaflugs, Franskra daga, Neistaflugs, sjómannadagshátíðarhalda, hernámsdags og annarra viðburða.

...auglýsingar og úthlutun styrkja til menningar- og ferðamála.

...samstarf við aðila sem vinna að menningarmálum í landshlutanum, Menningarráð Austurlands og Kirkju- og menningarmiðstöðina Fjarðabyggð auk aðila innanlands og utan um aðgerðir til að efla menningarstarf í sveitarfélaginu.

...dagleg stjórn Safnastofnunar Fjarðabyggðar,

bókasafna og safna Fjarðabyggðar, þ.m.t. þjónustusamningar um rekstur safnanna og ábyrgð á samstarfssamningum við söfn með sjálfstæðar stjórnir.

Tilkynningar

- Starfsmannabörpið að Haga verður flutt af svæðinu fyrir árslok 2013.
- Skipulagðar samgöngur hófust um áramótin; kynnið ykkur uppført leiðakerfi og tímatöflu á www.fjardabyggd.is
- Nýtt skipurit tók gildi um áramótin og samkvæmt því er starfsemi Fjarðabyggðar skipt í fimm svið; Fjölskyldusvið, Framkvæmdasvið, Fjarðabyggðarhafnir, Fjármálasvið og Stjórnsýslu- og þjónustusvið.
- Heimildamyndin Veturhús um bresku hermennina sem urðu út á Eskifjarðarheiði árið 1942 verður frumsýnd á Stöð 2 á páskadag.
- Áætlað er að halda Atvinnu- og nýsköpunarhelgi Landsbankans og INNOVIT í Fjarðabyggð dagana 12. – 14. apríl – fylgist með auglýsingum.
- Rannsóknarsjóður Landsbankans og Fjarðabyggðar auglýsir eftir umsóknum um styrki – umsóknarfrestur er til 1. apríl.

Fjarðabyggð - flott í vetur

Undanfarin ár hefur Fjarðabyggð unnið að verkefninu „Fjarðabyggð flott í vetur“ með það að markmiði að kynna þá þjónustu sem er í boðið á svæðinu yfir vetrartímann, þróa afurðir í vetrarferðamennsku og nýta þær til markaðssetningar. Skapa svæðinu sterka mynd sem frábæran áfangastað yfir vetrartímann, hvort sem gestir nýta sér skíðasvæðin eða aðra afþreyingu. Verkefnið hefur gengið ágætlega og hægt að greina aukningu í vetrarferðamennsku á Austurlandi.

Markaðssetningin hefur farið fram með sjónvarpsauglýsingum á RÚV og í vetur hjá 365 miðlum og eru ferðaþjónustuaðilar með auglýsingar í samræmdu útliti. Einnig hefur verið gefinn út bæklingur sl. tvo vetur með upplýsingum um þjónustu og viðburði sem eru í boði í Fjarðabyggð yfir vetrarmánuðina. Þessi bæklingur hefur verið uppfærður og er aðgengilegur á vef Fjarðabyggðar. Unnið er að því að þýða vetrarbæklinginn yfir á ensku og verður hann notaður til að kynna Fjarðabyggð á ferðaráðstefnum erlendis auk þess sem hann



Rjúkandi kakó og kruðeri eftir skíðaferðina.

Kaffihúsið Nesbær á Norðfirði.

FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð.is

mun koma sér vel fyrir erlenda gesti okkar. Margt fleira hefur verið gert til að kynna Fjarðabyggð – flott í vetur s.s. auglýsingar í bæklingum og blöðum, greinaskrif og kynningar í Reykjavík og á Akureyri. Þetta markaðsstarf hefur verið styrkt af Ferðamálastofu, Vaxtasamningi Austurlands og Flugfélagi Íslands.

Í ár er verkefnið „Flott í vetur“ unnið í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Fjarðabyggð, Markaðsstofu Austurlands, Stafdal, Fljótshálsá og Seyðisfjarðarkaupstað og er áhugi fyrir því að vinna meira saman að kynningu á svæðinu sem spennandi áfangastað að vetrarlagi á næstu árum. Það er mikilvægt fyrir alla sem vinna að ferðaþjónustu og kynningu á svona viðfæðmu og strjálbýlu svæði að þekkja vel til á svæðinu til að geta vísað gestum okkar á allar perlurnar sem við eigum hér á Austurlandi.

Markaðsstarf af þessu tagi er óneitanlega langhlaup og krefst þolinmæði af öllum aðilum og dropinn holar steininn. Við eigum frábær skíðasvæði og fullt af góðum veitinga- og gististöðum. Besta auglýsingin eru ánægðir gestir og því þurfum við alltaf að reyna að bæta þjónustuna. Nánari upplýsingar um verkefnið veitir upplýsingafulltrúi í síma 470 9000.

Fræðslu- og frístundanefnd

Fræðslu- og frístundanefnd vinnur að samhæfingu skólastarfs í Fjarðabyggð, stuðlar að virku íþrótt- og æskulýðsstarfi og leggur sig fram um að virkja félagsauðinn í sveitarfélaginu. Nefndin fylgir eftir metnaðarfullri fræðslu- og frístundastefnu frá 2009 og nýsamþykktari aðgerðaráætlun fyrir árin 2012 og 2013.

Í stefnunni kemur fram að Fjarðabyggð vill vera í fremstu röð í fræðslu- og frístundamálum og því vill nefndin ná með því að veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í skólum og félagsmiðstöðum, styðja við fjölbreytt frístundastarf í sveitarfélaginu, stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila og laða að og halda í hæft og drifandi starfsfólk. Framtíðarsýnin er að Fjarðabyggð sé góður staður fyrir börn og ungmenni að njóta fræðslu og fríunda.

Það er kappsmál nefndarinnar að skapa starfsfólki skóla og frístundastofnana tækifæri til vinna ötulllega að þessari sameiginlegu sýn. Síðustu tvö ár hefur til dæmis verið unnið að innleiðingu á sameiginlegri uppeldisstefnu, Uppeldi til ábyrgðar og ART, í leik-, grunn- og tónlistarskólum og íþrótt- og félagsmiðstöðvum. Einnig er unnið samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti og markið sett á að allir starfsmenn í fræðslu- og frístundastofnunum hafi gilt skýndihjálparskírteini.



Þóroddur Helgason, fræðslustjóri og starfsmaður nefndarinnar, Jósef Auðunn Friðriksson, formaður, Benedikt Jóhannsson, Orri Smárason, Eydis Ásbjörnsdóttir, Margrét Perla Kolka Leifsdóttir, vara- maður (D). Á myndina vantar Jóhönnu Hallgrímsdóttur.

Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag þar sem haldið er úti grunnþjónustu í hverjum kjarna þannig að nærþjónustan verði sem mest og best. Jafnframt eru starfsmenn meðvitaðir um gildi samstarfs. Grunnskólarnir eru t.d. með sameiginlegan íþróttadag og Fjarðaballið og þjóðleikur tengja saman ungmenni á öllu Austurlandi. Leikskólakórarnir í Fjarðabyggð koma saman á 17. júní og nemandur tónlistarskólanna hittast m.a. á Nótunni og

hljómsveitamatóm. Kuldaboli, íþrótt- og útivistarhelgi félagsmiðstöðva og unglingadeilda björgunarsveitanna, sem og SamAust söngvakeppnin eru dæmi um samstarf félagsmiðstöðvanna.

Nefndin leggur áherslu á blómlegt íþróttastarf með því að bjóða upp á góða íþróttaaðstöðu og styrkja kraftmikið starf frjálsra félagsamtaka. Niðurstaða nýlegrar könnunar á þátttöku barna á grunnskólaaldri í starfi ungmennafélaganna Þróttar, Austra, Vals, Leiknis og Súlunnar, sýndi að 72 - 95% barna stunda íþróttir hjá þessum félögum í hverjum byggðakjarna. Yfir þessu megum við gleðjast og einnig yfir fjölbreyttu íþróttastarfi í sveitarfélaginu og má þar nefna golfklúbba, hesta-, vélhjóla- og skotíþróttafélög, siglinga- klúbbinn Kaj o.fl.

Innan íþróttahreyfingarinnar er vilji til meira samstarfs og eflaust hægt að fullyrða að það sé æska Fjarðabyggðar sem vinni ötulast að sameiningu sveitarfélagsins. Samstarfið í Fjarðabyggðahólinni og Oddsskarðinu eru þar lýsandi dæmi.

Að lokum er rétt að minnast á öfluga starfsemi níu manna ungmennaráðs sem fundar mánaðarlega og er nefndinni og bæjarstjórn til ráðgjafar í ýmsum málum. Eins og sjá má er umfang verkefna ærið og það er í senn spennandi og krefjandi fyrir nefndina að fá að starfa að framgangi þeirra.

Ágætu bæjarbúar

Nú kemur út fyrsta blað ársins af Fréttabréfi Fjarðabyggðar en blaðið fylgir með Austurglugganum þrisvar á ári og er dreift frítt inn á öll heimili í Fjarðabyggð. Í blaðinu er fjallað um starfsemi atvinnu- og menningarnefndar og fræðslu- og frístundanefndar en fjallað var um aðrar fastanefndir stjórnsýslu Fjarðabyggðar í síðasta fréttabréfi. Einnig er fjallað um verkefnið „Fjarðabyggð - flott í vetur“ og menningar- og útivistarhátíðina Páskafjör sem hefur haft mjög svo jákvæð áhrif á menningarlífið hér um páskana.

Mikil mildi var að farþegar sluppu vel í rútuslysi sem varð á Oddsskarðsvegi á dögunum og gott að vita til þess að vel er hugað að öryggismálum í áætlanarþætti hér í bæ. Þá er einnig gott að vita af góðu viðbragði slökkviliðs, lögreglu og björgunarsveita sem komu fljótt á vettvang. Það er hins vegar hverjum degi ljósara að hefja verður framkvæmdir við Norðfjarðargöng hið fyrsta og við sem erum í forsvari fyrir sveitarfélagið munum halda áfram af krafti að því að fá þessum nauðsynlegu samgöngubótum flýtt.

Við horfum með hjartansýni fram á veginn og fögnum því að hér í sveitarfélaginu er unnið að ýmsum verkefnum s.s. verkefnum við hafnirnar, snjóflóðavarnargörðum, byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Eskafirði, endurbyggingu Franska spítalans á Fáskrúðfirði, auk þess sem öflugt fiskeldi fer vonandi af stað í Reyðarfirði innan tíðar. Þá hefur góð loðnuveiði og sterkur sjávarútvegur á svæðinu jákvæð og góð áhrif á atvinnu- og mannlífið hér.



Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri.

Páll Björgvin Guðmundsson



Jón Geir, Björn og Hörður við uppkvistun.

Umhirða ungskóga

Umhirða ungskóga er samstarfsverkefni Vinnuálastofnunar og Héraðs- og Austurlandsskóga en Þekkingarnet Austurlands heldur utan um verkefnið. Verkefnið felst í því að ungir atvinnuleitendur eru fræddir um skógrækt og fá kennslu í umhirðu ungskóga til góða þ.e. að klippa tvítoppa, uppkvista, afgreina (stórar aukagreinar) og einfalda kransa.

Þegar Austurgluggann bar að garði var hópurinn að vinna að umhirðu skógarins að Vaði í Skriðdal. Þar er fyrirhugað að bjóða upp á tjaldstæði í notalegu umhverfi næsta sumar og var hópurinn að ljúka við að uppkvista og hreinsa til þannig að skógurinn verði sem aðgengilegastur og fallegur fyrir væntanlega tjaldgesti.

Emil Björnsson, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá Þekkingarneti Austurlands, er leiðbeinandi námskeiðsins og hann segir að verkefnið hafi gengið vonum framar. „Þetta unga fólk er áhugasamt og duglegt“ sagði Emil. Sex ungmenni taka þátt í verkefninu sem stendur yfir í 6 vikur. Hann segir að þau læra grunnatriðin við skógrækt, framleiðslu gæðatimburs og umhirðu og ræktun gæðaskóga. Emil segir að auk þess sé þetta skemmtileg tilbreyting frá

mis skemmtilegum námskeiðum sem atvinnuleitendum er gjarnan boðið upp á og eins njóta ungmennin útiverunnar og samverunnar.

Hann segir að ef þátttakendum líkar vel að vinna í skógi er möguleiki að komast í plöntun í vor og eins ef áhugi er enn fyrir hendi er möguleiki að fá handleiðslu til að stofna smáfyrirtæki um skógarhögg. Skógarhögg er unnið í verktakavinnu þannig að hver skógarhöggismaður er lítið fyrirtæki (hugsanlega nokkrir saman).

Björn Gunnarsson, Jón Geir Ásgeirsson og Hörður Ragnar Bjarnason voru önnur kafnir við umhirðuna þegar blaðamaður var á vettvangi og var ekki annað sjá en að þeir hafi kunnað vel við þessa iðju. Þeir gátu allir allt eins hugsað sér að vinna við þetta í framtíðinni og sögðust hafa lært mjög mikið á undanförunum vikum. Þeir voru allir sammála um það að þetta verkefni væri þeim mjög mikilvægt á meðan þeir væru í atvinnuleit „þetta heldur okkur við líkamlega og andlega. Auk þess höfum við öll kynnst mjög vel og þetta er því mjög skemmtileg útivist“ sögðu þeir félagar.



Björn Gunnarsson, Jón Geir Ásgeirsson og Hörður Ragnar Bjarnason ásamt Emil Björnssyni, leiðbeinanda við Vað í Fljótsdal.

Björn Gunnarsson, þátttakandi, sagði að það hefði komið sér á óvart hve langan tíma það tekur skógarplöntur að vaxa og undraðist á því að tréð sem hann var að sinna umhirðu við væri um það bil jafn gamalt honum sjálfum.

Þörf á fleiri skógarhöggsmönnum í framtíðinni

Á næstu árum mun vanta hóp skógarhöggsmanna á svæðinu þannig að þetta getur verið leið til að skapa sér vinnu. Hlynur Gauti Sigurðsson, verkefnisstjóri hjá Héraðs- og Austurlandsskógum, segir að aðkoma Héraðs- og Austurlandsskóga að þessu verkefni sé með því að láta til starfsmann sem er sérfræðingur í umhirðu skóga. Hlynur segir að verkefnið sé gríðarlega mikilvægt og að það sé gríðarlegur ávinningur fyrir alla með þessu verkefni. „Þarna verður til gæðaviður í framtíðinni og mjög dýrmætur“ segir Hlynur.

Hann segir augljóst að þessi atvinnugrein muni vaxa mjög hratt á næstu 10 – 15 árum hér á Austurlandi. Árið 2007 var metár í gróðursetningu en þá var plantað á milli 1.2 – 1.4 milljón trjáa.

Í dag eru um 20 skógarhöggsmenn, karlar og konur, sem vinna á Austurlandi. Þeir eru allir verktakar skógarbænda. „Við erum að búa til þjóðarauðlind svo við þurfum ekki að sækja gæðavið til Gvatemala t.d.“ Hlynur segist sjá fram á að árið 2025 muni um 200 manns vinna með beinum hætti við skógrækt, „með afleiddum störfum er hæglega hægt að ímynda sér að um 500 manns muni hafa óbeina vinnu við eða með gæðavið sem er framleiddur á Austurlandi.“

Þörf á frekari stuðning hins opinbera

Hlynur segir að það séu mörg brýn verkefni nú í gangi sem þola enga bið við að hámarka þá nýtingu og þau gæði sem hægt sé að ná úr skógunum. „Við sjáum fyrir að allt fjármagn sem okkur var skammtað á fjárlögum verður uppuríð fyrir sumarið“ segir Hlynur. Hann segist ekki átta sig á því hvað taki við eftir sumarið en vonast þó til þess að ráðmenn „veiti verkefninu aukin lið með því það veita meira fjármagni í skógrækt því það mun margfalda sig þegar fram í sækir.“



Emil, Dagmar, Helgi Gunnarsson, Hörður og Hlynur Gauti hjá Héraðs- og Austurlandsskógum.



Íslensk hönnun · Íslensk framleiðsla

„Ég vel íslenskt...”
- Jói Fel

FRÍR FLUTNINGUR
Hvert á land sem er*

* Flytjandi flytur vöruna á þá stöð sem næst er viðskiptavini

Komdu í sýningarsali okkar og fáðu faglega þjónustu og ráðgjöf innanhússarkitekta við val á Brúnás innréttingum

www.brunas.is innréttingar

Ármúli 17a · 108 Reykjavík · sími: 588 9933 | Miðás 9 · 700 Egilsstaðir · sími: 470 1600

Íþrótt- og tómstundafulltrúi

Fjarðabyggð auglýsir starf íþrótt- og tómstundafulltrúa laust til umsóknar

Íþrótt- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á íþrótt- og tómstundamálum í Fjarðabyggð. Hann er yfirmaður starfsfólks íþróttamiðstöðva og félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð og annast stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarf í íþrótt- og tómstundamálum.

Helstu verkefni:

- Þróun, skipulag og samræming íþrótt- og tómstundamála í Fjarðabyggð.
- Samhæfing á starfsemi íþróttamiðstöðva og félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð.
- Samstarf við íþrótt- og tómstundafélög í Fjarðabyggð.
- Tengsl við aðrar íþrótt- og tómstundastofnanir.
- Þjónusta og faglegur stuðningur við fræðslu- og frístundanefnd.
- Frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að styrkja íþrótt- og tómstundamál í Fjarðabyggð.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist við stjórnun og rekstur í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og félagsstarfi.
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2012. Umsóknir berist á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.



FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóifjörður

Neskaupstaður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

Ganga hart eftir lögheimilisskráningum

Misjafnt er hversu hart austfirsk sveitarfélög fylgja því eftir að íbúar þeirra séu skráðir innan þeirra. Stærri sveitarfélög virðast fylgja því fastar eftir heldur en þau minni. Fljótshálfar og Fjarðabyggð hafa að undanförnu gengið sérstaklega á eftir aðsetursskráningum.

Flest austfirsku sveitarfélögin senda að hausti út auglýsingu þar sem minnt er á mikilvægi þess að skrá lögheimil sitt rétt fyrir tilskilinn tíma, það er 1. desember hvers árs. Stundum er því fylgt eftir með sérstökum bréfaskriftum til þeirra sem þykir sérstök ástæða til að áminna. Sé málinu fylgt enn fastar eftir er skrifað bréf til Þjóðskrár sem ýtir á eftir skráningunni. Fjallað var um reglur um aðsetursskipti og lögheimilisskráningar á agl.is í vikunni.

Snýst um fasta búsetu

„Við reynum eftir bestu getu að fylgja því eftir með frekari aðgerðum sé vitað um tilfelli sem ekki eru rétt skráð í sveitarfélaginu,“ segir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps í samtali við vefmiðillinn agl.is.

Þetta ferli er í samræmi við reglur um aðsetursskipti og lögheimili. „Það sem gerist ef stofnunin fær erindi þessa eðlis, er að senda viðkomandi einstaklingi bréf og biðja hann um að upplýsa um hvar hans rétta lögheimili er en samkvæmt 4. gr. lögheimilisslaga er aðeins heimilt að eiga lögheimili á einum stað,“ segir Ástríður Jóhannesdóttir, lögfræðingur hjá Þjóðskrár.

Í lögum um lögheimili og aðsetur segir meðal annars að lögheimili sé sá staður þar sem maður hafi fasta búsetu. Með því er átt við að

hann hafi bækistöð sína, dveljist að jafnaði í tómstundum sínum, hafi heimilismuni og sé svefnstaður hans þegar hann sé ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Sendu út skriflegar áminningar

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Fljótshálfar, segir „þó nokkra þeirra“ sem fengu senda skriflega áminningu frá sveitarfélaginu í haust hafa leiðrétt aðsetursskráningu sína. Því hafi síðan verið fylgt áfram eftir. „Um það hefur verið ítrekað rætt á meðal bæjarfulltrúa að mikilvægt sé að þeir sem hafa búsetu í sveitarfélaginu skrái lögheimili sín í samræmi við fyrirmæli laga. Í þessari umræðu hefur m.a. komið fram sú skoðun að nokkuð sé um ranga lögheimilisskráningu í sveitarfélaginu og jafnvel séu um það meiri brögð hér en í öðrum sveitarfélögum.

Eðlilegt er að kjörnir fulltrúar og stjórnendur sveitarfélagsins leggi á það áherslu að þessi mál séu í lagi þar sem umbúnaður og þjónusta sú sem þróuð er innan sveitarfélagsins miðast við búsetufjölda m.a. og því varla ásættanlegt að þeir sem þar velja að búa kjósi ekki að taka þátt í rekstri og uppbyggingu samfélagsins sem þó er ætlast til að geti sinnt þörfum viðkomandi“ sagði Björn í samtali við vefmiðillinn.

Björn segist reikna með að í flestum tilfellum sé um athugunarleysi að ræða hjá viðkomandi íbúum.

Varla ásættanlegt að þeir sem þar velja að búa kjósi ekki að taka þátt í rekstri og uppbyggingu samfélagsins sem þó er ætlast til að geti sinnt þörfum viðkomandi“

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, segir að sveitarfélagið hafi fylgst sérstaklega með lögheimilisskráningum að undanförnu. „Þeim einstaklingum sem ekki hafa lögheimili í Fjarðabyggð, en búa í sveitarfélaginu og hafa atvinnu hér, hefur verið sent bréf

þar sem þeim er bent á 1. gr. laga um lögheimili. Viðkomandi er einnig send flutningstilkynning og óskað eftir að hann/hún flytji lögheimili til Fjarðabyggðar eða hafi samband við bæjarskrifstofur vegna efni bréfsins“ sagði Páll.

Talað um „hreppaflutninga“

Minni sveitarfélögin virðast ekki ganga jafn hart fram eftir þessu. Þar á bæ hafa menn jafnvel talað um „hreppaflutninga“ stærri sveitarfélögunna. Mest hefur verið deilt um einstaklinga sem hafa vinnu í stærri sveitarfélögum og dvelja þar langtíð saman þess vegna en nýta flest tækifæri til að fara „heim“.

Lögreglan hefur meðal annars bent á að lögheimilisskráning sé öryggisatriði, komi eitthvað upp á sé nauðsynlegt að vita hversu margir eigi að vera í hverju húsi.

Hafa áhyggjur af áhrifum eldsneytisverðs á ferðaþjónustu

Samtök ferðaþjónustunnar skora enn einu sinni á ríkisstjórnina að lækka álögur hins opinbera á eldsneyti í fréttatilkynningu sem barst frá samtökunum sl. miðvikudag. Í fréttatilkynningunni segja samtökin að ríkissjóður taki nú til sín um helming útsöluverðs á díselolíu í formi skatta eða um 125 krónur af hverjum seldum lítra.

„Hópbifreiðar á landinu nota 12 milljón lítra af olíu á ári sem kosta

nú á ársgrundvelli 3 milljarða króna. Ríkið fær til sín u.þ.b. 1.500 milljónir af þeirri upphæð og hefur það aukist um 300 milljónir á milli ára sem er aukning um 25% á einu ári.

Jeppabifreiðar, snjósleðar, bátar og fleiri farartæki, sem notuð eru í ferðaþjónustu, búa við sömu hækkunir“ segir í tilkynningu samtakanna.

Ennfremur segja þau að á síðastliðnu sumri hafi ferðum Íslendinga innanlands fækkað, sérstaklega

á þeim svæðum sem eru lengst frá stærstu markaðssvæðum s.s. höfuðborgarsvæðinu.

„Útitið er því ekki bjart fyrir ferðaþjónustufyrirtækin víðs vegar um landið sem helst þjóna Íslendingum. Lækkun á álögum ríkisins myndi létta undir með ferðaþjónustufyrirtækjunum um land allt og stuðla að auknum ferðum fólks um landið.“

Kynning á flugnámi á Egilsstöðum

Flugakadémía Keilis verður með kynningu á flugnámi á Egilsstöðum, þriðjudaginn 6. mars næstkomandi. Boðið verður upp á kynnisflug frá Egilsstaðaflugvelli milli klukkan 13:00 og 16:00 (ef veður leyfir). Starfsfólk Keilis mun einnig svara spurningum um námið á Háskóladeginum í Menntaskólanum á Egilsstöðum kl. 10:30 – 13:00. Keilir býður uppá að nemendur geti stundað bóklegt nám í einkaflugi í fjarnámi og tekið verklegan hluta í lotum frá höfuðstöðvum Flugakadémiunnar við Keflavíkurflugvöll. Nemendum gefst kostur á að leigja húsnæði á Ásbrú, í lengri eða skemmri tíma, á afar hagstæðu verði.

„Flugakadémía Keilis býður upp á nám í flugtengdum greinum svo sem einkaflugnám,



atvinnuflugnám til blindflugsréttinda, flugþjónustunám og nám í flugumferðarstjórn. Í undirbúningi er nám í flugvirkjun. Lögð er áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennsluumhverfi en

staðsetning skólans felur í sér einstakt tækifæri til þess að skapa frábæra aðstöðu bæði til kennslu flugtengdra greina og öryggisfræða.

Kennslufloti Keilis samanstendur af fullkomnu flugvélum sem völ er á til grunnþjálfunar flugmanna á nútíma farþega- flugvélar. Flugvélar eru búnar afar fullkomnum mælitækjum og eru ákaflega öruggar. Keilir hefur ávallt sett sér þær kröfur að nemendur hafi aðgang að fyrsta flokks búnaði til þjálfunar ásamt áhugasömum og reyndum kennurum“ segir í fréttatilkynningu skólans.

Nánari upplýsingar eru að finna á www.keilir.net/flug



Gæðin í fyrirrúmi & hagurinn er heimamanna



Kjötvinnsalan Snæfell
www.snaefellkjot.is
S: 471-2042

Ótrúlega krúttlegir fermingar- kjólar á stúlkurnar



**Fullt af nýju stöffi á herrana, bolir,
gollur, buxur, jakkar o.fl.**



OPIÐ:

MÁNUD. - FÖSTUD. 12-18.
LAUGARD. 11-14.



Verslunin Trick / Strandgötu 12 / Eskifirði / S. 476-1515
(Við erum á Eskifirði við hliðina á Böggablóm)
www.facebook.com/trick.fataverslun



Skýli með loki 150.000 kr. • Skýli án loks 100.000 kr.

Úrval lita á steiningu. Vinkill fyrir 1. tunnu án loks kostar 40.000 kr. og fyrir 2.
tunnur án loks 80.000 kr.

Pantanir í síma 8648842 eða post@husid-thitt.is

Einnig tökum við að okkur steinsögun, kjarnaborun og alla smíða og steypuvinnu.
Fóstr tilboð í steiningu og klæðningar.



Endurmenntun Lbhl

Jarðrækt - nytjajurtir og nýting búfjáráburðar

Guðni Þorvaldsson og Ríkhart
Brynjólfsson prófessorar Lbhl
Hefst 6. mars á Egilsstöðum

Bætt mjólkurgæði

Snorri Sigurðsson ráðgjafi hjá
Videncenteret for landbrug
Fjarfundur 20. mars á
Egilsstöðum

Að breyta sandi í skóg - endurheimt skóglendis

Í samstarfi við Héraðs- og Austur-
landsskóga
Próstur Eysteinnsson fagmála-
stjóri Skógræktar ríkisins
Hefst 20. apríl á Egilsstöðum

Bygging hrossa

Í samstarfi við Hrossaræktar-
samtök Austurlands
Þorvaldur Kristjánsson
sérfræðingur hjá Lbhl
Haldið 17. mars á Egilsstöðum

Húsgagnagerð úr skógarefni

Ólafur Oddsson fræðslufulltrúi
Skógræktar ríkisins
Hefst 30. mars á Hallormsstað

Framhald af dkBúbót

Í samstarfi við Búnaðarsamband
Austurlands
Guðrún Sigurjónsdóttir bóndi á
Glitstöðum
Haldið í apríl á Egilsstöðum

Saumastofa Höllu Austurvegi 19
Reyðarfirði
Sími 4741242 / 8929275

*Allar merkingar í fatnað
sængurfatnað og handklæði.*

Allar nánari upplýsingar má finna á
www.lbhl.is/namskeid

Skráning fer fram á endurmenntun@lbhl.is
eða í síma 433 5000

Við erum líka á Facebook - facebook.com/namskeid

Neyðarstund Göngum Göngum hópsins



Göngum Göngum hópurinn stóð fyrir Neyðarstund við Neðri-staf í vetur. Allmargir mættu á staðinn til að sýna stuðning sinn við baráttuefni hópsins – bætta samgöngur til og frá Seyðisfirði. Hópurinn leggur áherslu á að vekja athygli á þeim slæmu samgöngum sem eru yfir Fjarðarheiði. „Vegurinn getur verið stórhættulegur oft á tíðum og í yfir 600 metra hæð yfir sjávarmáli, þar er mjög oft slæmt skyggni og illviðrasamt“ segir í tilkynningu hópsins.

Gleðilega kirkju!

Þjóðkirkjan er á tíma-mótum og kosning biskups í mars verður öðru vísi en allar kosningar biskupa hingað til. Það verða ekki aðeins prestar sem kjósa, heldur meira en 500 manna hópur ábyrgðarfólks í kirkjunni. Stærsti hluti kjörmanna eru formenn sóknarnefnda. Ég óska þeim til hamingju með kosningaréttinn og hvet þau til að nýta sér hann og kjósa vel.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í biskupskjöri til að beita mér fyrir að kirkjan sækir fram og endurskoði sífellt starf sitt í samræmi við þarfir samtímans. Mér er í mun að efla kirkjustarf í þágu barna og ungmenna. Tryggja þarf fjárhag sókna og hlúa að prestum og starfsfólki kirkjunnar. Glatt fólk þjónar vel.



Dr. Sigurður Árni Þórðarson

Störf og verk

Ég hef þjónað sem prestur í sveit og borg og starfað við kirkjulega stjórnsýslu. Ég var rektor Skálholtsskóla og breytti starfi hans í menningarmiðstöð kirkjunnar. Eftir fræðslustarf á Þingvöllum stýrði ég landsátaki þjóðkirkjunnar í safnaðaruppbyggingu og var síðan verkefnisstjóri guðfræði og þjóðmála á Biskupsstofu. Ég sit á kirkjuþingi og er varafulltrúi í kirkjuráði. Síðustu átta ár hef ég verið prestur í stórum og líflegum Nessöfnuði í Reykjavík. Ég hef áhuga á nútímamiðlun og birti ræður mínar og greinar gjarnan á vefnum. Ég er hamingjumaður í einkalífi, á fimm börn á aldrinum 6 – 27 ára. Kona mín er Elín Sigrún Jónsdóttir,

lögfræðingur. Ég er fjárhagslega, pólitískt og félagslega óháður. Vefurinn www.sigurdurarni.is er ítarleg upplýsingalind.

Biskup í tengslum

Ég virði en hræðist hvorki andóf gegn kirkju né trúargagnrýni. Askoranir ögra og kalla á frjóa guðfræði. Kirkjan má ekki einangrast, heldur vera lífleg og tala frjáls á götum og torgum mannlífs, miðla gildum og beita sér til góðs í réttlætismálum samfélagsins.

Kirkjulífið á að vera til upplifunar, til trúar á Guð og elskuríkrar þjónustu við menn. Möguleikar kirkjunnar eru miklir og heillandi. Ég býð mig fram til að þjóna, setta og hvetja þjóðkirkjufólk til sóknar. Gleðilega kirkju.

Dr. Sigurður Árni Þórðarson



Skáskegg á
VHS + CD

Skaftfell



Myndlistanemendur Listaháskóla Íslands; Ásgrímur Þórhallsson, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Claudia Hausfeld, Dóra Brund Gísladóttir, Erik Hirt, Gintare Maciulskytė, Gunnar Jónsson, Halla Þórlaug Óskarsdóttir, Katla Stefánsdóttir, Katrín Erna Gunnarsdóttir, Sigmundur Þórðarson, Sigurður Þórir Ámundason, Steinunn Lilja Emilsdóttir og Viktor Pétur Hannesson. Sýningarstjóri er Björn Roth.

Sýningin er unnin í samstarfi við Listaháskóla Íslands, Dieter Roth Akademiuna og Tæknimínja-safn Austurlands og stendur til 6. maí 2012.

Skaftfell er opið þriðjudaga til föstudaga frá 13 - 16 og 17 - 21, laugardaga frá kl. 17 - 21 og eftir samkomulagi.

Austurvegi 42, 710 Seyðisfirði, sími 4721632 / 8695107. www.skaftfell.is, skaftfell@skaftfell.is.

Sunnudagar til sælu

á Icelandair hótel Héraði



HÉRAÐ
Icelandair Hotels

Glæsilegur og staðgóður **brunch** **alla sunnudaga kl. 11.30 – 14.00.**

Gjafabréf í brunch á Hótel Héraði er tilvalin gjöf fyrir þá sem kunna að njóta.

Staðsetning Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað

Undanfarið hafa hér í Austurgluggunum farið fram all harðar deilur um staðsetningu Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað (FSN). Upphaf þeirra var frétt um „óopinbera“ skýrslu sem Einar Rafn forstöðumaður Heilbrigðisstofnunar Austurlands lét gera og virðist þar fjallað fyrst og fremst um að Fjórðungssjúkrahúsið sé ekki á réttum stað. Ég hef skrifað bók um sögu FSN og leyfi mér að vísa hér til þeirrar bókar um tildrögin og tilurð þess. Er nú ekki

mál til komið að þessum deilum linni og að við hegðum okkur eins og góðir grannar? Staðsetning og uppbygging FSN er staðreynd sem ekki verður breitt, í það minnsta ekki á næstu árum. Upphaflega var FSN byggt að frumkvæði íbúa Neskaupstaðar en þó með 40% styrk frá ríkissjóði, sem náði aðeins til byggingarinnar, ekki til neins búnaðar nema röntgentækis. Allur annar búnaður var greiddur 100% af Neskaupstað. Síðar þegar nýrri hluti

sjúkrahússins var byggður var komin ný löggjöf um byggingarkostnað sjúkrahúsa sem byggð voru af sveitarfélögum og minnir mig að ríkissjóður hafi þá greitt 74% byggingarkostnaðar og náði að einhverju leyti til búnaðar. Að sjálf-sögðu var allur eldri búnaður sjúkrahússins nýttur í nýbyggingunni og sem áður segir var sá búnaður



Stefán Þorleifsson

greiddur 100% af Neskaupstað. Síðan hefur mest allur búnaður verið endurnýjaður að hætti nútímans og hefur að mestu leyti verið keyptur fyrir gjafafé, nema endurnýjun röntgentækis. Dýrasta tækið er sneiðmyndataekið sem nú þarf að fara að endurnýja og stendur nú

yfir fjársöfnun til þeirra kaupa. Um annan gjafabúnað FSN má nefna sjúkrarúm og búnað á fæðingardeild. Allt þetta ber vott um ást og umhyggju íbúa Fjarðabyggðar fyrir FSN og mun trúlega engum detta í hug að ef hlutverki FSN verði breytt að þessi dýrmæti gjafabúnaður verði fluttur í aðra stofnun og hef ég ekki orð yfir slíkan gjörning ef af yrði. Vel má vera að næst þegar nýtt aðal sjúkrahús verður byggt fyrir Austurland að þá verði það staðsett annars staðar en í Neskaupstað en þangað til verðum við að setta okkur við staðsetningu FSN.

Í sambandi við flutning á sjúklingum til FSN munu aðstæður stórbatna við ný veggöng á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Einnig stendur til að Norðfjarðarflugvöllur verði malbikaður og bættur á allan hátt. Þá verður sjúkraflugi í betri farvegi en nú er.

Hættum að deila um staðsetningu FSN en sameinumst um að hlúa að þeim heilbrigðisstofnunum sem fyrir eru. Það eitt er farsælast fyrir okkur öll.

Einar Bjarni Hermannsson
og Steinar Atli Hlynsson

Stefán Þorleifsson

Fordómar

Hefur þú einhvern tímann velt fyrir þér hvernig fólk sem skrifar svona pistla lítur út eða hegðar sér? Þú ert örugglega búin að búa til einhverja mynd um hvernig ég lít út. Flestir munu halda að ég sitji heima hjá mér hugsandi í myrkri. En svo er nefnilega ekki. Í fyrsta lagi þá erum við tveir sem erum að skrifa þetta. Við sitjum hérna í tíma þar sem okkur var sagt að gera verkefni um borgaravitund. Borgaravitund er staðalímynd, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við fengum nokkra valmöguleika um hvernig verkefnið ætti að vera og við tveir ákváðum að gera pistil. Okkur fannst það góð hugmynd af því að við kæmumst kannski létt frá því. Þetta er gott dæmi um fordóma því það er alls ekki létt að gera pistill sem er birtingahæfur.

Staðalímynd er það þegar þú ákveður hvernig fólk er frá einhverjum

stað eða þér er sagt að „allir“ þarna séu einhvernveginn án þess að hafa hitt þá eða talað við þá. Til dæmis ef maður kemur frá Póllandi til Íslands og fer að vinna, þá fær hann þann stimpil hjá sumum að hann sé að stela vinnu af okkur Íslendingum. En í rauninni eru þeir bara að vinna vinnuna sem við nemnum ekki að gera. Hugsanlega hefur fólk frá öðru landi öðruvísi húmor og öðruvísi hefðir en þegar þú kynnist því þá lærir þú á þeirra húmor og þeir á þinn. Vonandi lærir þú líka að meta hefðir þeirra, sérstaklega ef þeir fylgja öðrum trúarbrögðum en þú.

Hérna er ein pæling. Segjum að þú myndir flytja út eitthvert þangað sem fólk veit ekki mikið um Ísland. Fólkið heldi að þú byggir í snjóhúsi og værir að berjast við isbirni alla daga og veiddir seli til matar. Myndir þú ekki verða leiður á því til lengdar að

útskýra alltaf fyrir fólki að Ísland er siðmenntað land. Stundum gerum við grín að því hvaða matarmening er hjá öðrum þjóðum. Það má taka dæmi af Kínverjum. Við segjum að þeir borði bara hrísgrjón en þeir hafa alist upp við að borða mikið af hrísgrjónum og í þeirra augum er ekkert að því. Höfum við í alvörunni efni á að dæma þjóðir út frá matarvenjum með okkar þjóðlega þorramat í huga?

Fordómar byggjast á vanþekkingu. Besta leiðin til að koma í veg fyrir þá er að fræða fólk um öðruvísi lífshætti og lífsvenjur. Ekki dæma fólk fyrirfram. Við tveir þurfum að taka okkur á í því og við höldum að flestir aðrir þurfi þess líka. Reynum að gera heiminn betri og kynnum okkur hlutina áður en við dæmum þá.

Einar Bjarni Hermannsson
og Steinar Atli Hlynsson

Stefán Þorleifsson



Pungir þankar

Samvinnufélög – möguleiki í samtíð

Sigurjón Bjarnason skrifar:

Meginhluta síðustu aldar áttu Íslendingar öfluga samvinnuhreyfingu. Grunnildi hennar var einn maður eitt atkvæði og samvinnufélögin störfuðu á afmörkuðum svæðum og gættu hagsmuna heimamanna. Hagnaður þeirra rann gjarna til uppbyggingar atvinnulífsins á heimaslóð og lengi vel voru kaupfélögin máttarstólpar atvinnulífs. Þau létu sig hvers kyns framfarir varða.

Flest samvinnufélög landsins runnu sitt skeið á enda og þar með almennt samstaða um vöxt og viðgang flestra byggða landsins. Í mörgum sveitum og þorpum utan höfuðborgarsvæðisins hefur fólki fækkað um 50 - 70% og söluverðmæti vandaðra eigna eru að engu orðin. Þetta þykir sjálfsagt mál og er nú sem óðast skorin niður opinber þjónusta við þá sem búa utan Faxaflóasvæðisins og Suðurlandsundirlendisins. Er þá sjaldan gætt að því að fasteignir í þessum hjásettu byggðarlögum hriðlækka í verði og sé sú lækkun tekin með í reikninginn sést að í raun er verið að kasta mun meiri verðmætum á glæ en sparast hjá ríkissjóði.

Allt þetta er ávisun á byggðarlok stórra svæða, sem

þó eru vel byggileg, bæði vegna vandaðra mannvirkja, sem þar standa, og nærtækra auðlinda og tækifæra af ýmsu tagi.

Nú er það svo að í nágrannalöndunum lifir samvinnufélagsformið góðu lífi. Menn leggja í stofnsjóð, gera raunhæfar áætlanir og rekstrarárangur rennur til félagsmanna í réttu hlutfalli við framleiðslu eða viðskipti. Framkvæmdastjórar slíkra félaga búa eflaust við þokkaleg kjör, en nálgast varla það sem tíðkast í stórum fjölþjóðafyrirtækjum. Oftar en ekki kaupum við vöru merktar CO OP í íslenskum búðum og þykja allgóð kaup. Heimskur almenningur á Íslandi veit þó sjaldnast að á bak við merkið stendur hópur fólks, sem velur þá leið að tryggja sjálfum sér vinnu, hæfilega hagnaðarvon og vitneskju um það hvert arðurinn af starfinu rennur, í stað þess að ráða sig hjá auðugum risa, sem setur ávöxtunarkröfu af eigin fjármagni öllum markmiðum ofar og enginn veit hvað af afganginum verður.

Því hefur verið haldið fram að samvinnufélög eigi erfitt með að standast samkeppni á almennum markaði. Má það vera í erfiðu rekstrarumhverfi þar

sem mikil þörf er fyrir endurfjármögnun. En að öðru jöfnu eiga þau þó að standast öðrum rekstrarformum snúning. Samkeppnin um að ná hylli neytandans er síður en svo erfið fyrir samvinnufélög og nútímataekni gerir miðlun upplýsinga til félagsmanna mjög auðveld, sem aftur ætti að efla samstöðu þeirra og virkja þá til þess lýðræðis sem öll samvinnufélög standa og falla með.

Við stofnun samvinnufélags er nauðsynlegt að kynna vel þá möguleika sem félagsformið býður uppá. Ekki má heldur gleyma því að með framlagi í stofnsjóð er tekin áhætta. Þar gildir það sama og í hlutafélagsforminu, eignarhlutirnir eru alfarið háð gengi viðkomandi rekstrar. Upphaflið þarf því að byggjast á vel ígrunduðum áætlunum og vænlegum viðskiptasamböndum. Stofnendur samvinnufélags þurfa líka að átta sig á því að eignarhlutirnir eru ekki svo auðveldlega framseljanlegir, en ávinningurinn er ekki síst samfélagslegur, þó að hægt sé að reikna með býsna góðri afkomu og ágætum arði til félagsmanna ef forystumenn félagsins reynast vandanum vaxnir og láta dæmin ganga upp.

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR


A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10
Þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
kl. 20:00,
laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.
Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin
laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8
Þriðjud. kl. 20:30,
Safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00
í safnaðarheimilinu.

BÓKHALD



Bókhalds- og skattþjónusta.
s. 471 1171 • www.skrifa.is

ÞVOTTAHÚS



Opið 7-12 og 13-17 · 474-1274

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

SJÓVÁ

440 2400

Sjóvá · Miðvangi 1 · 700 Egilsstöðum
Opið 8:30 - 16:30 alla virka daga.

KIRKJUSTARF

Sunnudagurinn 4. mars
æskulýðsdagurinn

Bakkagerðiskirkja:
Æskulýðsmessa kl. 15



Egilsstaðakirkja:
Æskulýðsmessa kl. 11.

Sunnudagaskólinn á sama tíma.
Stjórnumstund (7-9 ára) í kirkjunni
fim. kl. 17. - Í safnaðarheimili:
Kyrrðarstund mán. kl. 18. TTT þri.
kl. 16. Æskulýðsstarf fim. kl. 20.



Eskifjarðarkirkja:
Æskulýðsmessa kl. 14.



Kirkjuselið í Fellabæ:
Kirkjuskóli lau. kl. 11. Opið hús mið.
kl. 16-18 þar sem er lesið, spjallað,
sungið, þrjónað, heklað og alltaf kaffi
og meðlæti.



Reyðarfjarðarkirkja:
Æskulýðsmessa kl. 14 - gospel

www.kirkjan.is/austurland

FLUTNINGAR

FLUTNINGAR

Mánudaga og miðvikudaga
Austurland - Reykjavík
Þriðjudaga og fimmtudaga
Reykjavík - Austurland
(opið til kl. 17:00 á VFS)
VFS
Héðinsgata 1-3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211
Fimmtudagar
Egilsstaðir-Vopnafjörður-Egilsstaðir

Lagarbraut 7 - 700 Egilsstaðir
Sími 471-1112 / Gsm 863 1782
www.austurfrakt.is
austurfrakt@austurfrakt.is



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður,
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpvogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

MARKAÐUR



Miðás 7 · sími 471 3002
Opið virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 15



Velkomin til Akureyrar

Akurinn
Gistiheimili

Brekkugötu 27a · Akureyri · Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is · www.akurinn.is

FLOTT FÖT OG FRÆGAR SNYRTIVÖRUR

Splunkuný netverslun með tíska-
fatnað og Covergirl snyrtivörur á
ótrúlegu verði. Sendum um allt land.
Kíktu endilega á okkur á

[http://www.facebook.com/
pages/101-Fashion/160601780714912](http://www.facebook.com/pages/101-Fashion/160601780714912)

Ef þú sérð eitthvað sem hugurinn
girnist, þá endilega hafðu samband.
Við svörum öllum fyrirspurnum sem
okkur berast og afgreiðum pantanir
eins fljótt og mögulegt er.

HÁR & SNYRTING



Opið virka daga 9:00 - 17:00



Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331
Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

Brekkan Stöðvarfirði

Verslun, veitingar og gjafavara
Mánud. – fimmtud., kl. 11:00 - 17:00,
föstudaga 11:00 – 21:00, laugardaga,
kl. 11:00 - 16:00, sími 475 8939.



Gisti- og veitingahús
Búðargötu 4 Reyðarfirði · Sími 470 5555
Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



www.egilsstadir.com · sími 471 1114
Hótelíð við Fljótíð
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21



Góður veitingastaður
með fjölbreyttum matseðli
Veisluþjónusta: Barnaafmæli, pizzur og fl.
Veislur fyrir stærri hópa. Bolti í beinni á
100" breiðtjaldi og 50" sjónvarpi.



Mán-Fös: 07.30 – 17.30
Laugardaga: 09.00 – 16.00
-FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA-
Sími: 475-8000

INNANSTOKKS



Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600

FRÍMERKI -MYNT-SEÐLAR

KAUPI FRÍMRKI OG AFKLIPPT
FRÍMERKI.

ÍSLENSKA PENINGASEÐLA OG MYNT.
ORÐUR, MINNISPENINGA OG MARGT
FLEIRA.

ADALFRÍMERKJASALAN
Sími 8975444 - 5878276
1944@MI.IS • ICELANDIC STAMPS.IS

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



Bílaverkstæði Austurlands
Bílaverkstæði/bílasala
Opið mán.-fim. Kl. 8-18 - Fös kl. 8-17
Sími 470 5070



Réttingar og sprautun
Framrúðuskipti
Bílaleiga.
Opið virka daga kl. 8-18



Smiðjusel 5 · Fellabæ
700 Egilsstaðir · s: 471 1696



Opið mánud.-föstud. kl. 8-12 og 13-18
Lyngás 5 · 700 Egilsstaðir · sími 471 3113

BÍLA- OG VÉLAVERKSTÆÐI



Sími 471 2013 · www.rafey.is
Miðási 11 · 700 Egilsstaðir

Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélaþjónusta • 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraunapjónusta, gullsmíði & úrsmíði
Miðvangur 2-4 - Egilsstaðir - s. 471 2020
Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
Gsm 692-9990

Kaupi allt blý!

(teina sökkur afganga).
Borga sanngjarnt verð.

Nánari uppl. í s: 777 0611 og
lavaland@lavaland.is.



Ert þú með fréttaskot eða
viltu koma viðburði á framfæri?
Hringdu í fréttasíma

Austurgluggans 867-2151

Samgöngumál Fjarðabyggðar

Efasemdir um arðsemismat og innheimtu veggjalds á hvern bíl í Vaðlaheiðargöngum vekja spurningar um hvort þetta samgöngumannvirki verði kallað minnisvarði um ákvarðanir sem hafa fýrr og síðar verið teknar á röngum forsendum gegn vilja heimamanna. Þetta á líka við um hin umdeildu Héðinsfjarðargöng, Múlagöngin, Strákagöngin, tvo einbreiða gangamunna í Vestfjarðargöngunum og gömlu Oddskarðsgöngin sem engin flutningabíll kemst í gegnum án þess að óhöpp hljóti af. Fyrir það þrætir innanríkisráðherra sem gerir allt til að verja tilefnislausar árásir Vegagerðarinnar á íbúa Mið-Austurlands- og á sunnanverðum Vestfjörðum. Öll rök mæla með því að framkvæmdum við ný Norðfjarðargöng verði hraðað vegna fiskflutninganna frá Síldarvinnslunni og einangrunar stóra Fjórðungssjúkrahússins sem verður að fá öruggari vegtengingu við Egilsstaðaflugvöll ef Vegagerðin og Flugmálastjórn setja fram ósvífnar kröfur um að banna allt sjúkraflug til Neskaupstaðar þegar snjósmokstur á báðum leiðunum upp að slysgildrunni í Oddskarðinu og á Fagradal er óframkvæmanlegur vegna illviðris. Þá einangrast Norðfirðingar og heimamenn sem búa norðan Fagradals þegar vonlaust er að keyra þeim í vinnu hjá Alcoa á Reyðarfirði. Þetta vandamál kemur líka í veg fyrir að heimamenn sem búsettir eru utan Norðfjarðar geti treyst á Fjórðungssjúkrahúsið þegar þeir taka alls ekki í mál að keyra upp í 600 m hæð.

Fljótlegra er fyrir íbúa Seyðisfjarðar að sækja lækniþjónustuna til Reykjavíkur eða Akureyrar í stað þess að keyra tvisvar sinnum upp í

þessa sömu hæð yfir sjávarmáli. Að öðrum kosti fara þeir hvergi þegar starfsmenn Vegagerðarinnar gefast upp á snjómokstri í 640 m hæð vegna illviðris á Fjarðarheiði. Nógu erfitt er fyrir Seyðfirðinga að sitja uppi með þennan farartálma án þess að þeir þurfi að keyra samanlagt um 200 km yfir þrjá erfiða fjallvegi alla leið til Neskaupstaðar og aftur heim. Þessi einangrun veldur því að íbúar Seyðisfjarðar sem hafa engan flugvöll í nothæfu ástandi eiga síður en svo auðvelt með að treysta á sjúkraflugði frá Egilsstaðaflugvelli vegna snjóþyngsla og veðurhæðar sem getur farið upp í 25 - 35 metra á sekúndu. Sjálfgefið er það ekki að Seyðfirðingar sem voru sviptir allri löggæslu geti keyrt allt árið um kring upp í Egilsstaði á 15 - 20 mínútum yfir Fjarðarheiði.

Heppilegra væri fyrir Steingrím J Sigfússon og Púriði Backman að kynna sér þetta vandamál og leggja enn meiri áherslu á að útboði Norðfjarðarganga verði flýtt hið snarasta í stað þess að flytja tillögu um

ríkisábyrgð til að fjármagna Vaðlaheiðargöng sem meirihluti Alþingismanna snýst gegn á þeim forsendum að alltof fáir bílar eru í umferð utan höfuðborgarsvæðisins til þess að veggjald á hvert ökutæki standi undir launum starfsmanna ef kostnaðurinn við svona dýrt samgöngumannvirki verður meira en 14 milljarðar króna eins og talsmenn FÍB óttast.

Best væri fyrir alla landsbyggðarþingmenn að kynna sér fyrst ástandið í samgöngumálum Fjarðarbyggðar, suðurfjarða Austurlands og á Vestfjörðum áður en þeir samþykkja fjármögnunargildru Vaðlaheiðarganga ehf. sem Vegagerðin getur ekki brotist út úr næstu áratuginu. Verði önnur þarfari jarðgangaverkefni lögð á hilluna næstu áratuginu eins og þingmenn Norðlendinga berjast fyrir festist ríkissjóður í rándýru samgönguhneyksli við Eyjafjörð með skelfilegum afleiðingum



Guðmundur Karl Jónsson

sem menn munu brátt iðrast. Í kjölfarið verða allar tilraunir til að fjármagna þessa einkaframkvæmd með innheimtu vegtolla dæmdar til að mistakast. Árangurslaust hefur þingmönnum Norð-austurkjördæmis verið sagt að óraunhæft sé að

hefja framkvæmdir við jarðgöngin undir Vaðlaheiði á undan tvíbreiðum Norðfjarðargöngum sem þurfa að leysa af hólmi gömlu Oddskarðsgöngin. Þessir landsbyggðarþingmenn færast strax undan í flæmingi þegar meirihluti Alþingismanna telur útilokað að innheimta veggjalds standi undir rekstri Vaðlaheiðarganga ehf. Áður hafa þingmenn Norð-austurkjördæmis andmælt því að önnur jarðgangaverkefni á Mið-Austurlandi og milli Djúpavogs og Hornafjarðar skipti enn meira máli. Ákveðum Norðfjarðargöng strax.

Guðmundur Karl Jónsson,
farandverkamaður.

Heilsugæsluna heim

eftir Sigmund Erni Rúnarsson

Ein mikilvirkasta leið til byggðajafnaðar er að flytja þjónustuverkefni frá ríki til sveitarfélaga. Það er ekki sjálfgefið að flestum þessum verkefnum sé miðstýrt frá hverfinu í kringum Arnarhól, enda hafa sveitarfélög styrkst á síðustu árum, svo um munar – og eru mörg hver reiðubúin að taka að sér þá þjónustu sem er betur stýrt í héraði en úr höfuðborg.

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga hefur tekist vel. Almanarómur er að sveitarfélögum hafi tekist betur upp í rekstri grunn-skóla en sjálfu ríkisvaldinu og sömu-leiðis ríkir mikil sátt um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til bæja. Niðurstaðan er enda meiri skilvirkni, þjálli stjórnun, þjónustuaukning, betri fjársýsla og nærgætnari samskipti.

Nærþjónusta

Eðlilegt er að horfa til fleiri málaflokka sem falla betur að sveigjanlegum rekstri sveitarfélaga fremur en svifaseinni stjórnun ríkisins. Nú um stundir eru um 70 prósentum af opinberri þjónustu stjórnað af ráðuneytum í Reykjavík, en liðlega 30 prósentum af sveitarfélögum. Vel má hugsa sér að snúa þessum hlutföllum

við á allra næstu árum og áratugum.

Opinber þjónusta er í flestum tilvikum nærþjónusta. Þjónusta við fatlað fólk er þar gott dæmi. Fatlað fólk á ekki að þurfa að fara um langan veg til að sækja sér þjónustu. Sömu rök gilda um aldraða. Og þá ekki síður

um heilsugæslu. Við bætist að samlegðaráhrifin af því að reka heilsugæslu og þjónustu við fatlað fólk og aldraða á einum stað eru ærin.

Nýjar lausnir

Í umræðunni um málefni Heilbrigðisstofnunar Austurlands er eðlilegt að horfa til nýrra lausna. Og þó ekki nýrri en svo að þær hafa reynst prýðisvel þar sem þær hafa verið reyndar. Akureyrarbær og sveitarfélagið Hornafjörður hafa um nokkurt skeið rekið heilsugæslu í sínum bæjarfélögum sem tilraunaverkefni. Sú tilraun hefur tekist afskaplega vel.

Fjarðabyggð og Fljótshálfur eru tvö öflugustu sveitarfélögin á Austurlandi. Þau eiga að sýna metnað í þessa veru; annaðhvort með því að taka höndum saman



Sigmundur Erni Rúnarsson

um rekstur heilsugæslu, eða gera það hvort í sínu lagi. Byggðasamlög um verkefni af þessu tagi hafa reyndar reynst vel þar sem þjónustusvæði í ljósi aðstæðna eru vel skilgreind.

Meiri þjónusta

Augljóst er að opinber þjónusta mun á næstu árum færast nær fólki. Það er enda óhagkvæmt – og reyndar ólýðræðislegt – að nærþjónustu sé stjórnað af þeim sem eru ekki nærri. Skilningur á þjónustubörf íbúanna er eðlilega miklu meiri og dýpri innan ólíkra sveitarfélaga, hringinn í kringum landið, en inni í einu excel-skjali í ráðuneyti í Reykjavík.

Svo er hitt: Mikilvægast í atvinnulífi dreifðari byggða er að auka fjölbreytni þess. Starfsmenn sveitarfélaga eru nú um 20 þúsund. Um 40 prósent þeirra eru með háskólapróf. Með því að reka og stjórna stærri hluta af opinberri þjónustu auka sveitarfélög menntunarstig og fjölbreytni í atvinnulífinu heima fyrir. Mestu skiptir þó auðvitað meiri og betri þjónusta.

höfundur er alþingismaður

**Tryggðu þér áskrift
að fréttablaði
Austfirðinga**



Skopmynd vikunnar - Vísahorn
Austfisk málefni krufin til merjar
Menningarviðburðir - Íþróttir - Sérblöð
Fréttabréf Fljótshálfaræðs - Fréttabréf Fjarðabyggðar.
Veljum austfiskir alla leið...

Sendu netpóst á auglysing@austurglugginn.is
eða hringdu í síma 477-1571.

Gunnar
Gunnarsson



Hugleiðing

Takk fyrir sumt

Allt í lagi, allt í lagi. Það er forsetinn.

Þjóðaratkvæðagreiðslurnar um Icesave voru trúlega réttar ákvarðanir, þótt við vitum það kannski ekki enn endanlega. Hann stóð sig ágætlega í að verja ákvarðanirnar í bæði skiptin. Notkun á valdi forsetaembættisins hefur kallað á nauðsynlega umræðu um stjórnarskrána. Hin nauðsynlega endurnýjun stendur á móti í sumum.

Ég skil líka að hann sé hrifinn af því að margir vilji hann, þriðjungur þjóðarinnar miðað við kannanir. Það er hellingur. Sennilega hefðu fyrri forsetar líka geta framvísað slíkum stuðningi við endurkjör sitt endalaust. Það vilja líka 70% nýjan forseta og tæpur fimmtungur er með ákveðinn valkost í huga.

Ég vil líka telja forsetanum til tekna það sem hann hefur gert fyrir ungt fólk og baráttu í loftslagsmálum. Hann er vel máli farinn og á margan hátt góður fulltrúi á alþjóðavettvangi.

En hann er ekki heilagur. Þótt hann hafi tekið sig saman í andlitinu eftir hrunið, sem varð þegar hann var nýbúinn að ná endurkjöri, eru ummæli hans í aðdraganda þess í besta falli vandræðaleg. Kaffinn um hann í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis hverfur ekkert.

Mér finnst rangt að láta endurkjör forseta snúast um afmarkað málefni eins og Icesave. Það er heldur ekki að fara að skapast neitt tómarúm eða óvissa þótt nýr forseti verði kosinn í sumar. Eina óvissan sem ríkir er vegna þess að sitjandi forseti hefur ekki gefið það skírt út að hann ætli að hætta. Enginn trúverðugur frambjóðandi treystir sér til að ráðast fram og lýsa því yfir að hann ætli að steypa forsetanum Íslands.

Maður kemur í manns stað. Mögulega hefðu fáir, eða nokkrir aðrir, nýtt neitunarvaldið eins og hann gerði en það er ekki þar með sagt að þeir gætu haldið jafn vel, eða enn betur á öðrum málefnum.

Sjáast finnst mér þó að hann virðist ekki þekkja sinn vitjunartíma. Sextán ár í starfinu er langur tími. Þegar komandi kjörtímabili lýkur verða þau orðin tuttugu og Ólafur Ragnar 73ja ára gamall.

Eftir hrun hefur verið í gangi enduruppbygging Íslands. Ég tel nýjan forseta eiga að vera hluta af henni.

Takk fyrir sumt Ólafur, leyfðu nú öðrum að komast að.

Námskeið í sögun og þurrkun



Námskeiðið var vel sótt

Dagana 24. og 25. febrúar var haldið námskeið í sögun og þurrkun á Hallormsstað. Námskeiðið var á vegum Evrópuverkefni Þorpsins (www.thorpid.is). Þekkingarnet og Próunarfélag Austurland ásamt Menningarráði Austurlands hlutu styrk frá Leonardo Starfsþjálfunaráætlun Evrópusambandsins til að þróa endurmenntun/starfsnám fyrir handverksmenn og hönnuði. Starfsnámið byggist á að nýta staðbundið hráefni s.s. trjávið, ull, hreindýraleður horn og bein. Verkefnið er þróað samhliða uppbyggingu Þorpsins hönnunarsamfélags á Austurlandi.

Aðalkennarar á námskeiðinu voru Ólafur Eggertsson sérfræðingur á Mógilsá og Emil Nilsson sænskur sérfræðingur í sögun og þurrkun frá Nässjö í suður Svíþjóð. Þátttakendur á námskeiðinu voru 16, allstaðar að landinu. Fjallað var um notagildi mismunandi trjátegunda, gæði og helstu einkenni. Kynnst mismunandi aðferðum við þurrkun, rakastig, mælingar og vinnuferli við sögun og þurrkun. Nemendur öðluðust einnig

grunnþekkingu í viðarfræði. Skógrækt ríkisins á Austurlandi er samstarfsaðili Þorpsins í verkefninu.



Ólafur Eggertsson, einn aðalkennara námskeiðsins.

Sigrúðu Stjörnuna

Próttur Neskaupstað tók á móti Stjörnunni á heimavelli sínum í Neskaupstað í 1. deild kvenna í blaki sl. laugardag. Stelpurnar í Prótti reyndust sterkari á öllum sviðum og unnu öruggan 3 - 0 sigur. Próttur Nes vann fyrstu hrinu 25 - 10, aðra hrinu 25 - 14 og þá þriðju 25 - 12 og þar með leikinn 3 - 0. Hulda Elma Eysteinsdóttir skoraði flest stig Próttar Nes. eða 13 stig alls og Helena kom næst með 9 stig. Með sigrinum komst Próttur Nes upp fyrir Stjörnuna og er nú í fimmta sæti með tólf stig eftir níu leiki en Stjarnan er í því sjötta með níu stig eftir níu leiki einnig.

**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerð verðsamanburð**

